

LESBÓK MORGUNBLAÐSINS 1943

HUGSAMBAND

Stórmerkileg ritgerð

um stórmerkilegt mál.

I.

Býsna vænt þótti mjer um að sjá í dag, í sdbl. „Visis“, grein þá er heitir „Tilraunir mínar með hughrif“ og er eftir Sir Hubert Wilkins. „Hugsamband“ hefði nú þarna átt fult eins vel við og „hughrif“, því að um slíkt er einmitt að ræða.

Er gott til þess að vita, að Sir Hubert skuli vera að fást við þessar mjög svo áriðandi rannsóknir, því að hann er svo stórfrægur maður, að engin hætta er á að ekki verði tekið eftir því sem hann ritar, jafnvel á þessum tímum hinnar stærstu styrjaldar, enda ræðir um þekkingu sem gæti orðið mjög þýðingarmikil fyrir gang ófriðarins, ef menn reyndu að færa sjer hana í nyt. En þó er sá galli á, að uns komið er framýfir tiltekið stig vanþekkingar, mundi fjarskynjan geta orðið Japönum að gagni miklu fremur en hvítum mönnum, af því að engin þjóð er líkt því eins samstilt og laus við að vera sjálfri sjer sundurpykk, og Japönar.

II.

Sir Hubert Wilkins er einn af þeim mönnum sem mannkynið hefir ástæðu til að miklast af. Hann er orðlagður sem hetja, framúrskarandi flugmaður og einn af ágætustu landfræðingum; er hann í allra fjarsta lagi því, að heyra til þeirri tegundinni, sem nefndir hafa verið legubekks landfræðingar (Sofageograf). — Hann tók á mjög ungum aldri þátt í hinum fræga leiðangri Vilhjálms Stefánssonar í Norðurvegi, en var síðan með Sir Ernest Shackleton á hinum enda jarðar, tók þátt í þeim leiðangri sem náttúrufræðingur. Hann hefir enn fremur stundað rannsóknir í hinu heitasta hitabelti, nefnilega í Ástralíu. Sir Hubert er vissulega ágætlega undir það búinn, að verða heimsfræðingur, þar sem hann auk annara sinna á stórkostlegum flugferðum, landfræði og náttúrufræði, er nú kominn inn á brautir sannvísindalegrar sálfræði, þ. e. þeirrar tegundar af þekkingu, sem nauðsynleg er, ef takast á að færa líffræðina út til stjarnanna.

Menn ættu að lesa og hugleiða vel þessa ritgerð Sir Huberts í Vísi, því að jeg ýki það ekki, að hún er býsna fróðleg. Sherman heitir maðurinn sem Sir H. fekk til samstarfs við sig, og er það augljóst, að náð hugsband — og jafnvel dálítið meira — hefir komist á þeirra á milli, þrátt fyrir þúsunda km. fjarlægð. Sir H. tekur af tilviljun þátt í dansleik í borg þar sem hann hafði orðið að lenda sakir stórhriðar. Sama kvöld skrifar Sherman: „Þú innan um einkennisbúna menn og nokkrar konur — samkvæmisföt — viðhafnarsamkvæmi — háttsettir menn viðstaddir — fjörugar samræður — þú virðist vera í samkvæmisfötum sjálfur“, og var þetta nákvæmlega rjett. Annað sinn er Sir H. staddur í Point Barrow, og horfir þar á húsbruna. Það kvöld skrifar Sherman í skrifstofu sinni í New York í 4800 km. fjarlægð: „Jeg veit ekki af hverju, en mjer virðist jeg sjá snarkandi loga úti í dimmunni — greinileg áhrif frá eldi, einsog hús væri að brenna“ o. s. frv. Einu sinni skrifar Sherman: „held að þú hafir fundið bílun í stálgrindinni sem þarfnast viðgerðar“. Og enn fremur: „Mjer finnast jeg sjá þig með einhverskonar handdælu í flugvjelinni, en hreyfillinn spýr frá sjer gusum af kolsvörtum reykh — hvelar sprengingar frá honum — ójafnar — hálfkæft soghljóð, lík-

ast því að eldsneytið sje í ólagi — bensínleiðsla“. Og var þetta alnákvæmlega rjett. Er einkar fróðlegt að veita því eftirtek hvernig það sem Sir H. skynja með augum og cyrum, kemur fram í huga Shermans sem ósjón og ofheyrn.

IV.

Það er ekki vafi á því, að Sir H. hefir rjett fyrir sjer þar sem hann segir, að þarna geti ekk verið um eintómar tilviljanir að ræða. Jeg efast heldur ekki um að hann hefir rjett fyrir sjer þar sem hann segir, að nákvæm hugsanasamband hafi getað verið milli hans og Shermans, á nokkurrar sinnar viðleitni í þá átt.

Það er ekki ófróðlegt, að veita því eftirtekt, að nokkuð líkt þessu sem Sir H. segir frá hafði gerst í sambandi við ferðalag annars mjög ágæts manns, án þess þó að þar væri um að ræða nokkrar tilraunir til hugsanasambands. Þegar Fridtjov Nansen var í hinni frægu norðurför sinni 1893—6, merkti Masselo Hauge í Oslo á landabryggju, og skrifaði hjá sjer ýmislegt um ferðalag Nansens. Var þetta síðan innsiglað og fengið háskólanum í Oslo til varðveislu, en tekið fram þegar Nansen kom heim. Sást þá, að þessu sem Hauge hafði skrifað, bar mjög vel saman við dagbók Nansens frá sama tíma.

V.

Það er dálítið skoplegt í ritgerð Sir Hubert Wilkins, og sýnir að hinn mikli landfræðingur er í þessum efnum aðeins á byrjunarstigi ennþá, að hann virðist ætla, (ef þá ekki er eitthvað misþýtt), að fjarlægðin 4500 km. eða þar um bil, muni vera sjerstaklega heppileg til rannsóknna á hugsambandi. En fjarlægðir koma þar lítt eða ekki til greina, eins og rannsóknir mínar á eðli drauma og miðilsamband við íbúa annara jarðstjarna, hafa leitt í ljós ótvíræðlega.

Enginn vafi getur á því leikið, að hugsanasamband á sjer stað, og að eigi einungis geta engar fjarlægðir hjer á jörðu komið í veg fyrir það, heldur jafnvel ekki fjarlægðir himingeimsins hnatta á milli. Og er þetta að rekja til þess, að annarsvegur er flutningur eða „tilsending“ hverskonar orku, það sem kalla mætti undirstöðulögmál sköpunarverksins og svo hinsvegur þess, að fullkomin samstilling er markmið það sem stefnt er að og stefna ber að.

Eitthvað það þarf að koma fram, sem öllu mannkyni geti orðið sameiginlegt áhugamál, og það er ekki vafi á því, að sambandið við fullkomnara mannkyn á öðrum jarðstjörnum alheims-

ins mundi svo verða, ef hægt væri að fá menn til að skilja að þar er ekki um neinar firrur að ræða eða hugarburð sem ekki sje mark á takandi, heldur blátt áfram nýmæli í vísindum af allra framfarahæfustu tegund. Og það er víst, að mikið mundi muna um annan eins afreksmann og Sir Hubert Wilkins, ef hann hallaðist á þá sveif, einsog ekki virðist með öllu ólíklegt að orðið geti.

11.—12. apríl '43.

Helgi Pjeturss,